

BORGARRÁÐ 1. október 2020: Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um ferðakostnað árið 2020 samanborið við árið 2019 - R20090031

Þann 7. september sl. barst fjármála- og áhættustýringarsviði fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um að lögð verði fram sundurliðun á ferðakostnaði fyrir A-hluta Reykjavíkurborgar árið 2020 samanborið við árið 2019. Fyrirspurnin var eftirfarandi: „Með ferðakostnaði er átt við ferðalög, hótélkostnað, uppihald og dagpeninga á Íslandi og erlendis. Hvað hefur ferðakostnaður Reykjavíkur lækkað á fyrstu níu mánuðum ársins miðað við árið 2019? Óskað er eftir sundurliðun fyrir A-hluta, með öllum undirstofnunum, sundurliðun fyrir yfirstjórn án undirstofnana og samstæðunnar í heild.“ Þar sem ekki bárust svör nema fyrir A-hluta en ekki samstæðunnar í heild þá er fyrirspurnin lögð fram á nýjan leik. Það gefur líka tækifæri á að svara fyrir lengra tímabil en einungis fyrstu sex mánuði ársins.